



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar  
sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 2. október 2025

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi (meðalhófsprófun, EES-reglur), mál nr. 48**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“), hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi (meðalhófsprófun, EES-reglur), mál nr. 48, 157. löggjafarþing. Samtökin hafa haft aðkomu að málinu á fyrri stigum, þ.e. vegna áforma og draga frumvarpsins<sup>1</sup> og einnig á 156. löggjafarþingi, mál nr. 103.<sup>2</sup>

Samtökin fagna því að frumvarpið taki mið af helstu ábendingum sem fram komu í fyrri umsögnum. Sérstaklega er jákvætt að lögskýringargögn kveði skýrt á um að meðalhófsprófun taki einungis til nýrra eða breyttra reglna en að frumvarpið feli ekki í sér skyldu til þess að endurskoða eldri kröfur um löggildingu með hliðsjón af meðalhófi. Þessi framvirka afmörkun verndar stöðu löggilttra iðngreina og tryggir að breytingar byggjast á gagnsæi og rökstuddu mati. Samtökin leggja áherslu á að mælt verði fyrir skyldubundnu samráði stjórnvalda við atvinnugreinar í þeim tilvikum þegar hugað er að breytingum á löggiltum iðngreinum til að tryggja samráð og gagnsæi.

Samtökin minna á að löggilding iðngreina þjónar brýnum almannahagsmunum: öryggi, heilsuvernd og neytendavernd. Hún dregur úr ólöglegu vinnuafli, vinnumarkaðsmisnotkun og styrkir gæði í starfsemi. Meðalhófsprófun má ekki verða tæki til að veikja gildandi löggjöf án vandaðs mats og virks samráðs.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til samráðs við stjórnvöld vegna málsins.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

<sup>1</sup> Umsögn SI um áform: [Umsogn-SI-um-aform-um-breytingar-a-logum-um-vidurkenningu-a-faglegri-menntun-og-haefi-mal-nr.-16-2024.pdf](#)

Umsögn SI um drög að frumvarpi: [Umsogn-SI-um-br.-a-logum-um-vidurk.-a-faglegri-menntun-og-haefi-mal-s-99.2024-31.-mai-2024.pdf](#)

<sup>2</sup> Umsögn SI um frumvarp til laga, mál nr. 103: [156-170.pdf](#)